

10. fundur skólanefndar

Mættir:	Alda Björg Breiðfjörð, fulltrúi foreldra, Arnar Ingólfsson, fulltrúi nemenda, Flosi Eiríksson formaður, Halldóra Guðmundsdóttir, Jóhann Ísak Pétursson fulltrúi kennara, Kolbeinn Óttarsson Proppé, sem ritaði fundargerð, Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Vignir Halldórsson, Þóra Elfa Björnsson.
Forfallaðir:	Andrés Pétursson, Finnur Geir Beck
Staður:	V21
Tími:	Kl. 12:00-13:00 <u>Dags.: 3. desember 2014</u>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Flosi Eiríksson, formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Vigni Halldórsson sem var að mæta á sinn fyrsta fund.	FE	
1.	Rekstraráætlun 2015 – 1. útg.		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari fór yfir áætlun ársins 2015 og stöðuna á árinu 2014. Sértekjur ársins 2014 eru hærri en gert hafði verið ráð fyrir og reiknað er með að þær aukist enn frekar á næsta ári. Rekstrarútgjöld ársins 2014 eru 35,3 milljónum hærri en áætlun gerði ráð fyrir, sem skýrist af hækkun launakostnaðar vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu, en hækkun vegna þeirra nemur tæpum 60 milljónum. Með sparnaði í aðkeyptri þjónustu og öðrum aðhaldsaðgerðum verður engu að síður afgangur á rekstri ársins 2014 um 1,9 milljónir. Fyrstu drög að rekstraráætlun ársins 2015 gera ráð fyrir afgangi upp á tæplega 5,4 milljónir.</p> <p>Skólaneftnd samþykkir framlagða rekstraráætlun fyrir árið 2015 og lýsir ánægju sinni með hve vel hefur til tekist með rekstur ársins 2014.</p>	MF	30 mín.
2.	Innritunargjöld vorannar 2015		
	<p>Skólameistari leggur til að innritunargjöld verði óbreytt frá haustönn 2014.</p> <p>Samþykkt. Kolbeinn Óttarsson Proppé ítrekar áður framkomna afstöðu sína að ekki eigi að innheimta skólagjöld í framhaldsskólum og situr hjá við afgreiðslu málsins.</p>	MF	15 mín.
3.	Erlend samskipti í MK	MF	10 mín

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>Skólameistari kynnti 9 erlend samstarfsverkefni sem eru í gangi í skólanum þessa dagana, en þau hafa aldrei verið jafn mörg. Verkefnin eru:</p> <p>1) Verkefni um notkun hugbúnaðar í stærðfræðikennslu.</p> <p>2) Starfsþjálfun í Finnlandi fyrir nemendur Ferðamálastólans.</p> <p>3) Gerð og prófun kennsluefnis í frumkvöðlafræðum með sérstaka áherslu á verknám og fagnám í viðskiptagreinum.</p> <p>4) Einnar viku nemendaskipti milli Íslands, Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Eistlands.</p> <p>5) Nemendaheimsóknir milli Íslands, Noregs og Svíþjóðar – verkefni á sviði nýsköpunar í ferðaþjónustu.</p> <p>6) 5 ferðir starfsmanna í tölvuþjónustu, bókasafni og stjórnun til Svíþjóðar, Austurríkis, Danmerkur og Írlands.</p> <p>7) 5 ferðir starfsmanna í verknámi og nemenda í starfstengdu ferðamálanámi.</p> <p>8) Verkefni um að búa til námsefni um orkuhugtakið með það að leiðarljósi að samþætta og dýpka hagnýta grunnþekkingu nemenda í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, líffræði, jarðfræði og ensku.</p> <p>9) Að búa til efni fyrir kennara sem vilja innleiða sjálfbærni í kennslu á félagsgreinum, ensku og móðurmálskennslu.</p> <p>Skólanefnd lýsir ánægju sinni með starfsmenn skólans sem hafa sýnt frumkvæði og elju við að koma verkefnum á fót.</p>		
4.	Önnur mál	MF/FE	5 mín

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>a) Útskrift föstudaginn 19. desember kl. 14.00 í Digraneskirkju. Skólameistari hvatti nefndarmenn til að mæta í útskriftina og þiggja kaffiveitingar að henni lokinni í sal skólans.</p> <p>b) Formaður spurði fregna úr nemendalífi. Fulltrúi nemenda fór yfir það helsta.</p> <p>c) Formaður spurði fregna af kennurum. Fulltrúi kennara fór yfir það helsta.</p> <p>d) Formaður spyr fregna af starfi foreldra. Fulltrúi foreldra fór yfir það helsta.</p>		
	<p>Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:00</p>	<p>FE</p>	

Kolbeinn Óttarson Proppé

ritaði fundargerð

Uppfært fimmtudagur, 11 desember 2014 11:16